

Samningur um sérnám í SÉRGREIN á Íslandi

Sérnámslæknir:

Sérnámshandleiðari:

Upphafsdagur sérnáms:

Áætluð námslengd FJÖLDI ár

Sérfræðileyfi eru veitt af embætti landlæknis en mismunandi er eftir sérgreinum hvort sérnám fari að fullu fram á Íslandi, eða því ljúki í öðru landi. Sérnám fer fram í samræmi við marklýsingu um sérnám samþykkt af mats- og hæfisnefnd. Sérnámið fer fram á til þess viðurkenndum deildum Landspítala, auk þess sem hluti námsins getur farið fram á Sjúkrahúsinu á Akureyri í samræmi við samstarfssamning stofnanna um sérnám í læknisfræði.

Sérnámið byggir á klínískum störfum þar sem sérnámslæknir fær þjálfun í tengslum við vinnu með sjúklinga undir handleiðslu sérfræðilækna. Starfið er í samræmi við starfsemi viðkomandi deilda og miðar að menntun í viðkomandi hluta sérgreinar. Starfað er samkvæmt starfslýsingu sérnámslæknis. Tryggt skal við skipulag sérnáms að sérnámslæknir hafi viðeigandi tækifæri til að uppfylla allra kröfur marklýsingar. Frekara skipulag m.t.t. tímalengdar á hverjum stað, tímaröð og mögulegrar einstaklingsnálgunar á hönnun náms fara fram í samráði við kennslustjóra og yfirlækna. Tími sem er talinn til sérnáms er klínísk vinna á vöktum, vaktafrí, frí og námsleyfi.

Forsenda fyrir ráðningu sérnámslækna er námsframvinda samkvæmt marklýsingu sérnáms. Ráðningu í starfi sérnámslæknis lýkur því eðli málsins samkvæmt þegar sérnámi lýkur samkvæmt áætlun. Nái sérnámslæknir ekki að fylgja námsáætlun án þess að málefnalegar ástæður séu fyrir töfum kann að verða litið svo á að forsendur ráðningar teljist brostnar.

Rétt þykir að vekja sérstaka athygli á eftirfarandi ákvæðum laga og gildandi kjarasamnings Læknafélags Íslands og ríkisins sem gilda um sérnámslækna á Landspítala:

- Sérnámslæknir skuldbindur sig til þess að starfa ekki í launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar samhliða starfi sínu á Landspítala sbr. 20. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nema með samþykki yfirlæknis sérnámslækna í umboði handhafa ráðningarvalds.
- Sérnámslæknum er skylt að vinna yfirvinnu og taka vaktir þar sem þess er þörf samanber grein 4.2.3 í kjarasamningi og 2.mgr. 17.gr. laga nr. 70/1996.
- Jafnframt er þeim skylt að skipta með sér vöktum á viðkomandi starfseiningu og skal vaktskrá lögð fram með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara samanber grein 4.4.1 í kjarasamningi.

Landspítali (ásamt mögulegum samstarfsstofnunum) leggur fram eftirfarandi þætti í sérnámi:

- › Sett er upp einstaklingsmiðuð sérnámsáætlun svo að veittar séu forsendur til að uppfylla kröfur marklýsingar um sérnámið. Námsáætlun er hönnuð og breytingar gerðar í samvinnu milli sérnámslæknis, sérnámshandleiðara, kennslustjóra og yfirlæknis.
- › Kröfum um marklýsingu til sérnáms er fylgt.
- › Fundinn er nafngreindur sérnámshandleiðari og séð er til þess að sérnámslæknir og handleiðari geti fundað reglulega.
- › Ráðlögð námsgögn eru aðgengileg á vinnustaðnum.

- › Árlegt mat er gert á framvindu náms skv. marklýsingu og sérnámslæknir fær einnig árlegt viðtal með kennslustjóra til skipulags framvindu sérnáms.
- › Mat er gert á störfum og endurgjöf veitt með aðstoð úrræða í skráningarkerfi (t.d. Eportfolio) og veittar eru forsendur til viðeigandi námstækifæra, mats og endurgjafar, sem þó eru gerðar að frumkvæði sérnámslæknisins.
- › Lögð er áhersla á að sérnámslæknir fái tækifæri til að taka þátt í allri skipulagðri fræðslu í tengslum við sérnámið sem skipulagt er innan Landspítala og auk þess á fræðslu utan stofnunar eftir því sem tækifæri gefast. Við ítrustu aðstæður verður þjónusta við sjúklinga þó alltaf að hafa forgang.
- › Veittar eru forsendur til að taka þátt í gæða- og umbótaverkefni svo að kröfur marklýsingar um slíka verkefnavinnu séu uppfylltar
- › Veittar eru forsendur til að taka þátt í vísindaverkefni svo að kröfur marklýsingar um slíka verkefnavinnu séu uppfylltar
- › Sérnámslæknir ber ábyrgð á eigin námi og framvindu. Formleg fræðsla og önnur skipulögð verkefni eru að jafnaði skilgreind innan vinnutíma og nám samtvinnað vinnu en sérnámslæknir getur þurft að sinna eigin námi og verkefnum þess utan.

Sérnámslæknir leggur fram eftirfarandi þætti í sérnámi:

- › Að vera í stöðugum og skýrum samskiptum við sérnámshandleiðara, kennslustjóra og yfirlækna eftir sem við á, svo að forsendur sé til að kröfur marklýsingar um sérnám séu uppfylltar
- › Leitir eftir viðeigandi mati og endurgjöf á störf sín og ber ábyrgð á viðeigandi skráningu mats (t.d.í Eportfolio) reglulega yfir allt námsárið svo að kröfur við árlegt mat í loks árs séu uppfylltar skv marklýsingu
- › Tekið er þátt í allri fræðslu sem færi gefst á sem skipulögð er innan deildar og stofnunar eftir sem við á. Sérnámslæknir útbýr og kynnir fræðsluefni eftir skipulagi hverrar deildar og kynnir einnig fræðsluefni ef fræðsla hefur verið sótt utan stofnunar, s.s. á ráðstefnu eða námskeiði
- › Sérnámslæknir tekur þátt í gæða- og umbótaverkefni á sérnámstímanum í samræmi við marklýsingu sérnámsins
- › Sérnámslæknir hefur völ á að taka þátt í vísindavinnu á sérnámstímanum í samræmi við marklýsingu sérnámsins
- › Skráning um framvindu sérnámsins fer fram á rafrænan hátt í Eportfolio eða á pappírsmáli og skal það vera jöfn vinna yfir námsárið og skal skráning veita góða yfirsýn yfir framvindu námsins á hverjum tíma.
- › Við lok námstímans hefur prófum verið lokið í samræmi við marklýsingu

Reykjavík, DAGSETNING

Nafn sérnámslæknis

Nafn kennslustjóra

Yfirlæknir sérnáms í læknisfræði á Landspítala